

**Sp.**

**432. Fyrirspurnir.**

**[219. mál]**

I. Til samgönguráðherra um breyttar snjómokstursreglur á þjóðvegum.

Frá Lárusi Jónssyni og Halldóri Blöndal.

Hverjar voru veigamestu breytingar á snjómokstursreglum á þjóðvegum sem gerðar voru í okt. s. l.?

Hver eru rökin fyrir því, að þörf sé að ryðja snjó af veginum um Ólafsvíkurenni og Óshlíð milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar alla virka daga, en einungis einn dag í viku um Ólafsfjarðarmúla?

II. Til sjávarútvegsráðherra um lánskjör Fiskveiðasjóðs.

Frá Lárusi Jónssyni og Halldóri Blöndal.

1. Hver eru kjör Fiskveiðasjóðs á skipalánnum síðan 1978?
2. Hefur ríkisstjórnin í hyggju að þessi kjör verði jöfnuð og ef svo er þá hvernig og hvenær?